Ásmundur Jakobsson

† Ásmundur Jakobsson fæddist í Reykjavík 5. júlí 1946. Hann lést á Landspítalanum 17. ágúst 2021.

Foreldrar hans voru hjónin Sigríður Ásmundsdóttir, f. 6.8. 1919 á Gilsbakka í Hvítársíðu, d. 24.12. 2005, og Jakob Gíslason orkumálastjóri, f. 10.3. 1902 á Húsavík, d. 9.3. 1987.

Bræður Ásmundar eru Gísli Jakobsson, f. 17.12. 1934, d. 29.3. 2003, maki Johanne Agnes Jakobsson, f. 17.10. 1935, d. 27.12. 2017, og Jakob Jakobsson, f. 26.12. 1937, maki Moira Helen Jakobsson, f. 11.5. 1944. Móðir bræðranna var Hedvig Emanuella Hansen Gíslason, f. 26.6. 1908 í Kaupmannahöfn, d. 25.11. 1939.

Systur Ásmundar eru Aðalbjörg Jakobsdóttir, f. 18.5. 1949, maki Hallgrímur B. Geirsson, f. 13.7. 1949, og Steinunn S. Jakobsdóttir, f. 6.5. 1953, maki Sverrir Hilmarsson, f. 20.8. 1955.

Ásmundur ólst upp í Reykjavík og var í sveit á sumrin á Rauðsgili í Hálsasveit. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1966 og BS-gráðu í eðlisfræði frá í St. Andrews-háskólanum í Skotlandi 1970. Hann stundaði síðan framhaldsnám við Cambridge-háskóla.

Á námsárunum vann hann við ýmiss konar mælingar hjá Raforkumálaskrifstofunni, síðar Orkustofnun. Eftir að hann kom heim að loknu námi vann hann aðallega við forritun, fyrst hjá Orkustofnun en síðar að ýmsum verkefnum með eigin fyrirtæki. Lengst vann hann við forritun fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Ásmundur hafði vítt áhugasvið og tók virkan þátt í fjölbreytilegu félagsstarfi. Hann sat m.a. um árabil í stjórn Eggertssjóðs Háskóla Íslands og í stjórn Laugardalsættar, en hann hafði mikinn áhuga á ættfræði. Hann var stofnfélagi í Wagnerfélaginu og sat í stjórn þess frá 1999, lengst af sem ritari. Ásmundur hafði mikinn áhuga á óperum og ferðaðist víða um heim til að sækja óperuhús.

Útför Ásmundar fer fram frá Háteigskirkju í dag, 27. ágúst 2021, og hefst athöfnin kl. 13. Streymt verður frá athöfninni á https://youtu.be/fY_s4VcmMcM

Hlekk á streymi má finna á: https://www.mbl.is/andlat

Ási mágur var fjölfróður áhugamaður um lífið og tilveruna og öll þess tilbrigði. Hann var hámenntaður, víðförull, vel lesinn, ættfróður og mikill óperuunnandi. Ási var vel að sér um flest og lét fátt framhjá sér fara. Þá skipti ekki máli hvort álitaefnið varðaði landafræði, vísindi, stjórnmál, Wagner, tæknilegasta sjónvarpstækið, bílinn, tölvuna eða bara eitthvað annað.

Ási hafði bílpróf en átti aldrei bíl og fór allra sinna ferða fótgangandi eða í strætó. Hann hafði hins vegar yfirburðaþekkingu á bílum og var mikill áhugamaður um gæðavagna af bestu gerð. Á ferðum sínum erlendis átti hann til að koma við hjá bílaframleiðendum til að kynna sér nýjustu strauma og var auðvitað vel lesinn um það eins og annað.

Ási var mildur maður, yfirvegaður og hógvær og flíkaði ekki tilfinningum sínum, vitsmunum eða þekkingu. Hann var léttur og kátur í góðra vina hópi og stundum góðlátlega stríðinn. Hann var góðum frásagnarhæfileikum gæddur og það var bæði fróðlegt og gaman þegar hann lét gamminn geisa.

Ási var einhleypur og barnlaus en félagslyndur fjölskyldumaður. Hann skipaði stóran og mikilvægan sess í fjölskyldunni. Hann var eftirsóttur gestur á heimilum fjölskyldna systra sinna, bræðra búsettra erlendis og annarra skyldmenna og naut sérstakrar hylli yngstu kynslóðarinnar.

Að leiðarlokum kveð ég Ása með söknuði og eftirsjá og þakka honum ómetanlega vináttu á sameiginlegri vegferð í meira en fimmtíu ár.

Hallgrímur B. Geirsson.

Á sjöunda áratug síðustu aldar urðu íslenskir stúdentar sem vildu nema raungreinar að fara til náms í útlöndum. Margir fóru til Norðurlanda, en um tíma fóru líka margir til Bretlands. Ásmundur Jakobsson var einn þeirra. Að loknu stúdentsprófi 1966 hóf hann nám í eðlisfræði við háskólann í St. Andrews í Skotlandi og bættist í lítinn hóp Íslendinga sem stunduðu nám við skólann, bæði í St. Andrews og Dundee. Meðal þessa hóps mynduðust tengsl og vinátta sem haldist hefur æ síðan. Nú er hann fyrstur til að kveðja.

St. Andrews-háskóli er þriðji elsti háskólinn í Bretlandi, stofnaður árið 1413. Bærinn St. Andrews er háskólabær og hefur sérstæðan karakter sem einkennist af gömlum byggingum úr gráum steini og fornum rústum dómkirkju og kastala. Flestir nemendur búa á stúdentagörðum. Háskólabyggingar eru flestar inni í gamla bænum, svo stutt er að fara milli stúdentagarða og kennslustofa. Allt stuðlaði þetta að þægilegri nánd, miklum samskiptum og miklu félagslífi stúdentanna. Þetta umhverfi virtist falla Ásmundi vel.

Ásmundur var góður félagi, hógvær en glaður og hressti upp á hóp okkar Íslendinganna. Hann bjó yfir einstæðum hæfileika að nema og muna ótrúlegustu smáatriði varðandi allt það sem hann tók sér fyrir hendur. Þessi hæfileiki endurspeglaðist í skopskyni hans. Hann kryddaði gjarnan umræður okkar með óvæntum og hnyttnum athugasemdum eða skemmti okkur með ítarlegum frásögnum af alls kyns uppákomum. Kímdi gjarnan um leið. Hæfileikar Ásmundar nýttust einnig vel á ferðalögum þegar bregðast þurfti við ófyrirséðum uppákomum. Þá var aðgangur að upplýsingum ekki eins greiður og nú. Jafnan mátti treysta því að Ásmundur hafði kynnt sér málin til hlítar.

Að loknu námi í St. Andrews kom Ásmundur aftur til Íslands og starfaði við margvísleg forritunarverkefni. Mikill skriður var þá að færast í tölvunotkun og framþróunin ör. Hér nýttust hæfileikar Ásmundar afar vel við að ná skjótt góðu valdi á hvers kyns tæknilegum atriðum varðandi bæði vélbúnað og hugbúnað. Hann hélt síðan aftur til Bretlands í rannsóknarnám í eðlisfræði við Cambridge-háskóla. Þegar hann sneri aftur til Íslands hélt hann áfram að sinna forritunarstörfum á ýmsum sviðum.

Eftir heimkomuna frá St. Andrews var Ásmundur ásamt Þorsteini Sæmundssyni stjörnufræðingi hvatamaður þess að fyrrverandi nemendur við háskólana í St. Andrews og Dundee mynduðu með sér formlegan félagsskap, sem hefur allar götur síðan haft það hlutverk að koma saman á „Burns Supper“ að skoskum sið á afmælisdegi þjóðskáldsins Roberts Burns, 25. janúar. Þar hefur alltaf verið vettvangur til að viðhalda tengslunum og rifja upp hina gömlu góðu daga í St. Andrews.

Aðstandendum Ásmundar sendum við samúðarkveðjur.

Hörður Filippusson, Ingvar Birgir Friðleifsson, Rögnvaldur Ólafsson og Sven Þórarinn Sigurðsson.

Ásmundur Jakobsson, vinur okkar og samstarfsfélagi til fjölda ára, er fallinn frá. Lát hans bar brátt að. Við hjá RARIK sem stóðum Ásmundi næst, á upplýsingatæknideild RARIK, höfum mátt sjá á bak þremur góðum félögum á nákvæmlega einu ári. Sigfús og Áskell farnir og nú fylgir Ásmundur á eftir. Hversu ótrúlegt er það? Ásmundur var snillingur, því getur enginn á móti mælt sem kynntist honum. Hann var líka sérlundaður eins og snillingar eru. Það má segja að samstarf við Ásmund hafi hafist rétt eftir 1980 við innleiðingu nýs orkureikningakerfis hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Kerfið var umfangsmikið og gjörbylti verklagi og skilvirkni við orkureikningagerð og þjónustu við viðskiptavini. Við innleiðingu kerfisins komu skipulagshæfileikar og fagleg vinnubrögð að góðum notum. Allt sem Ásmundur lagði af mörkum í uppsetningu og forritun lausna virkaði fullkomlega. Umhald hans var eftirtektarvert og algjörlega til sóma. Höfum við, sem eftir sitjum, margt lært af honum. Ekkert verk var svo lítilfjörlegt að hann legði ekki fullkominn metnað í að skila því vel frá sér. Ásmundur hafði þann einstaka hæfileika að muna allt. Ef eitthvað þurfti að rifja upp þá var hann með svörin á reiðum höndum. Hann mundi smáatriði langt aftur í tímann þannig að mönnum brá við. Ferðalög elskaði Ásmundur og var duglegur að ferðast. Þaulskipulagðar ferðir með markmið. Ráðstefnur, tónleikar (Wagner), fræðilegar ferðir og fleira voru hans líf og yndi. Hafði frá mörgu að segja. Landafræði og saga Íslands var hans heimavöllur og fór hann margar ferðir um hálendið með frænda sínum. Tækni vafðist ekki fyrir Ásmundi og var með eindæmum gaman að ræða við hann. Hann kynnti sér allar helstu nýjungar í farsímum, sjónvörpum, hljómtækjum og ekki má gleyma bílaáhuga hans. Oft kom hann til okkar með upplýsingar um nýjustu gerðir bíla og hvatti okkur til að kaupa. Sjálfur átti Ásmundur aldrei bifreið en fór allra sinna ferða með strætisvögnum, leigubílum eða gangandi. Einn ósið hafði Ásmundur. Hann tók sig oft til og spurði mann í þaula um eitthvert viðfangsefni sem hann sjálfur hafði yfirburðaþekkingu á. Hann spurði spurninga og þegar fátt var um svör þá svaraði hann sjálfur og var um leið upplýsandi. Grátt gaman, en yndislegur var hann í alla staði.

Ásmundur stóð með öðrum að innleiðingu orkureikningakerfis hjá RARIK um miðjan níunda áratug síðustu aldar og upp frá því var hann meira og minna í starfi fyrir RARIK við ráðgjöf og rekstur orkureikningakerfa. Um aldamótin var aftur skipt um orkureikningakerfi og nutu menn leiðsagnar, skipulagshæfileika og útsjónarsemi Ásmundar þar sem endranær.

Góður vinur og samstarfsfélagi er fallinn frá. Við vottum fjölskyldu hans samúð okkar. Blessuð sé minningin um Ásmund Jakobsson.

Fyrir hönd samstarfsfélaga hjá RARIK,

Rúnar Óskarsson,
Ólafur Gíslason.

Alla tíð frá því tölvur og forrit fóru að koma í stað handafls í viðskiptakerfum og reikningagerð hjá RARIK var Ásmundur það sem kallað var lykilstarfsmaður. Ekki sem leiðtogi eða stjórnandi, heldur sem sá öruggi og úrræðagóði klettur sem allir gátu treyst á og allir gátu unnið með. Hann var skapandi og frjór starfsmaður og svo sannarlega það sem nú til dags er kallað lausnamiðaður. 2000-vandinn svokallaði í viðskiptakerfinu var á sínum tíma eins og rísandi vandamálafjall við sjóndeildarhring – en einn daginn var Ásmundur einfaldlega búinn að leysa málið og fjallið var horfið.

Ásmundur var óvenjulegur maður. Gamall dúx úr MR með hnífskarpa greind og óbrigðult minni. Honum nægði ekki að sökkva sér til hálfs niður í það sem hann hafði áhuga á, hann varð að fara alla leið, komast til botns. Og ekki bara komast til botns heldur muna hvernig hann komst til botns og hvað var á botninum. Minnið var með slíkum fádæmum að venjulegu fólki var það óskiljanlegt.

Húmorinn var oft lúmskur og hárfínn enda fór hann stundum fram hjá þeim sem ekki voru með móttökutækin stillt á þá bylgjulengd. Hann hafði sérstakt yndi af að beita sinni fáguðu kímni þegar honum fannst ekki innistæða fyrir orðræðu viðkomandi. Að trana sér fram var eitur í hans beinum og þeir sem það gerðu án verðleika skoruðu ekki hátt.

Náið samstarf í yfir þrjátíu ár kallar fram margar minningar á skilnaðarstund, bæði í starfi og persónulega. Ógleymanleg er samvera sem við Sigríður, kona mín, áttum með honum nokkra daga í London upp úr síðustu aldamótum. Ásmundur þekkti borgina eins og puttana á sér, ekki bara eins og hún var þá heldur söguna eins og hann hefði verið samtíða borginni frá upphafi.

Mannlífið er óendanlega fjölbreytt og flókið og engum er gefið að hafa jafnar gáfur á öllum þeim sviðum. Við, vinir Ásmundar, vissum mætavel hvar styrkleikar hans og veikleikar lágu, en einmitt vegna þess að enginn er fullkominn þótti okkur vænt um hann. Hann bar hlýjan og góðviljaðan persónuleika og batt sína bagga öðrum hnútum en flestir, sínum eigin hnútum.

Blessuð sé minning Ásmundar.

Guðmundur Guðmundsson.

Ásmundur Jakobsson var einn af stofnfélögum Richard Wagnerfélagsins, sem taldi eitt hundrað manns við stofnun þess, árið 1995, en hefur nú stækkað um meir en helming. Ásmundur var frá upphafi mjög virkur í starfi félagsins og sat í stjórn þess frá árinu 2004 til dánardags, lengst af sem ritari. Ásmundur var mikill fagurkeri, naut tónlistar og annarra listgreina og var mikill smekkmaður í hvívetna. Hann var einnig annáluður fyrir námsgáfur sínar. Hann hafði stundað nám bæði í háskólanum í Cambridge og St. Andrews, en einkum sá hinn síðari hafði orð á sér fyrir glæsilegan klæðaburð nemenda. Hér heima gengu Ásmundur og félagar lengi vel í skóla hjá Sævari Karli, sem sá þeim fyrir vönduðum fatnaði og ávallt voru þeir í áberandi glæsilegum skófatnaði og með bestu úrin. Sævar Karl og Erlu leiddu þeir í staðinn inn í heim Wagners og í félagið og var minnisstæð ferð þeirra félaga, Ásmundar, Halldórs og Davíðs, til Bayreuth, ásamt Sævari og Erlu, þegar ég gat útvegað þeim miða á Niflungahringinn, og enga venjulega miða, heldur á fremsta bekk fyrir miðju. Héldu sumir hátíðargesta að þarna væru þjóðhöfðingjar á ferð. Tónlistaráhugi Ásmundar leiddi hann víða um heim og er hann sennilega sá Íslendingur, sem séð hafði flesta Niflungahringa, hver um sig auðvitað fjórar óperur, samanlagt 16 klukkutímar. Ég giska á að hann hafi séð á annan tug Hringa. Ásamt því að vera félagi í íslenska Wagnerfélaginu var Ásmundur félagi í sams konar félagi í New York. Formaður félagsins þar, Nathalie Wagner (óskyld Richard), var mjög stolt af þessum hávaxna ljóshærða víkingi frá Íslandi í sínum félagahópi. Í ferð félagsins okkar til New York 2012 var okkur Ásmundi boðið í heldri manna klúbb Metropolitan Museum ásamt Nathalie og David Cline, formanni Wagnerfélagsins í Minneapolis, sem átti heldri manna aðildina, og er það eftirminnilegur hádegisverður. Eftir lát Ásmundar hafði Nathalie samband við mig með samúðarkveðjum og rifjaði upp að Ásmundur hefði verið félagi í N.Y. frá árinu 1999, en það ár höfðu þau kynnst í þyrluflugi yfir Grand Canyon, sem boðið var upp á fyrir gesti Niflungahringsins í Arizona. Svona getur líf Wagneráhugamanna verið spennandi og ævintýralegt.

Fyrir hönd Wagnerfélagsins er ég, sem formaður þess frá upphafi, full þakklætis fyrir störf Ásmundar í þágu félagsins og mun varðveita margar góðar minningar um samveru með honum hér heima og víða um heim.

Fjölskyldu hans votta ég einnig dýpstu samúð.

Selma Guðmundsdóttir
píanóleikari, formaður
Richard Wagnerfélagsins
á Íslandi.

Í minningu Ásmundar Jakobssonar, samstarfsmanns lærimeistara, vinar og snillings snillinganna eins og ég kallaði hann alltaf í huga mínum.

Ekkert reikningsdæmi var of erfitt fyrir Ásmund að leysa og naut ég góðs af því sem og konan mín þegar hún var í námi í Háskólanum í Reykjavík.

Ég vil þakka fyrir að hafa fengið að kynnast Ásmundi, vinna með honum og njóta tilsagnar hans og nærveru.

Ég sendi aðstandendum Ásmundar mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Blessuð sé minning snillings snillinganna.

Sigurður Jónsson.

Minningargreinar

Morgunblaðið birtir minningargreinar endurgjaldslaust alla útgáfudaga.

Óheimilt er að taka efni úr minningargreinum til birtingar í öðrum miðlum nema að fengnu samþykki.

Lengd | Minningargreinar sem birtast í Morgunblaðinu séu ekki lengri en 3.000 slög. Ekki er unnt að senda lengri grein. Lengri greinar eru eingöngu birtar á vefnum. Hægt er að senda örstutta kveðju, HINSTU KVEÐJU, 5-15 línur. Ekki er unnt að tengja viðhengi við síðuna.

Formáli | Minningargreinum fylgir formáli sem nánustu aðstandendur senda inn. Þar koma fram upplýsingar um hvar og hvenær sá sem fjallað er um fæddist, hvar og hvenær hann lést og loks hvaðan og klukkan hvað útförin fer fram. Þar mega einnig koma fram upplýsingar um foreldra, systkini, maka og börn. Ætlast er til að þetta komi aðeins fram í formálanum, sem er feitletraður, en ekki í minningargreinunum.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

MAGDALENA S. INGIMUNDARDÓTTIR,

lést fimmtudaginn 12. ágúst.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jóhanna Hermannsdóttir **Jean-Pascal Pouyet**
Auður Hermannsdóttir **Þórir Kristinsson**
Birgir Hermannsson **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
Anna Hermannsdóttir **Ingólfur Klausen**
og fjölskyldur

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

GUÐMUNDUR ÞORSTEINN BJARNASON
húsa- og skipasmiður,
áður til heimilis að Stafholti 5, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 11. ágúst á dvalarheimilinu Lögmannshlíð á Akureyri.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 30. ágúst klukkan 13.00. Innilegar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Lögmannshlíðar, Árgerði, fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Bjarney Guðmundsdóttir **Óli Reynir Ingimarsson**
Kjartan G. Guðmundsson **Guðfinna Ásgrímsdóttir**
Gunnar H. Guðmundsson **Kristbjörg Gunnarsdóttir**
Haukur Guðmundsson
afa- og langafabörn

---

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

KRISTMUNDAR ELÍS JÓNSSONAR.

Dætur hins látna og fjölskyldur þeirra